

79 verð að vera þeirrar skoðunar, að það sé gagnsætt grundvallarreglum íslenzkra laga, er frá fornu fari hefur verið haldið í hefð og gildi, að banna þvergirðing í á, þar sem einn maður á alla veiði, (sjá ráðgjafabr. 31. marz 1882) eins og jeg loks einnig hlýt að telja mjög óheppilegt, að gjöra tíðar lagabreytingar um þetta efni með mjög stuttu millibili, þá hef jeg í allraþegnsamlegustum tillögum mínum um málið farið því fram, að synjað verði um allrahæsta staðfesting á lagafrumvarpi þessu, og hefur hans hátign konunginum hinn 27. f. m. allra mildilegast þóknazt, að fallast á þá tillögu.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

80 **Konunglegt leyfisbrjef að *mandatum* til ættleiðingar.** — Með brjefi þessu er 10. maí. ekkjufrú Magdalenu Margrjeti Helgesen leyft að ættleiða skúlkuna Margrjeti Jóhönnu Andreu, dóttur verzlunarmanns Hafliða Guðmundssonar í Reykjavík og konu hans Jóhönnu Soffiu Fridrikku Lúdvíksdóttur, fædda 19. sept. 1878, þannig að nefnd stúlka skuli álitast sem ættleiðanda eigið barn, þó með tilteknum erfðarjetti, og bera ættarnafnið Helgesen.

(Útgefið af landshöfðingjanum 10. maí).

81 **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um að bann gegn innflutning** 30. maí. **á skepnum frá Íslandi til Bretlands sje úr gildi fellt.** — Í sambandi við brjef hjeðan, dags. 20 f. m. skal ekki látið hjá liða þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að samkvæmt tilkynning frá utanríkisráðaneytinu hefur hin brezka stjórn (Board of Agriculture) samkvæmt því er henni hefur verið fyrir sjónir sett af hinni dönsku stjórn, útgefið nýja auglýsingu, dags. 6. maí þ. á., þar sem Ísland er lýst »a free country« frá 10. þ. m. að því er snertir innflutning á lifandi skepnum, og stendur Ísland þannig eins að vígi eins og áður en innflutningsbannið frá 22. marz þ. á. var útgefið. Þó áskilur hin brezka stjórn sjer, að taka spurninguna um innflutning fjár frá Íslandi til nýrrar yfirvegunar, ef lögunum frá 17. marz 1882, um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfje til Íslands, verður breytt, eða þau úr gildi numin.

82 **Auglýsing um póstmál.**

14. júní.

Það auglýsist hjer með almenningi, að aukapóstferð sú milli *Fossvalla* og *Hákonarstaða* í Norður-Múlasýslu, er um ræðir í auglýsing minni, dags. 20. febr. þ. á., C. nr. 20. (Stjt. B, bls. 34) fellur burt, en í stað hennar kemur auka-póstferð milli *Skjöldólfsstaða* og *Eiríksstaða* í sömu sýslu, og verður þar stofn-